



# Orðabók- orðaleit

## Skólaárið 2016-2017

Garðabær, desember 2017

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Sjálandsskóli

Nafn verkefnis: Orðabók- orðaleit

Nafn verkefnisstjóra: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir

Númer samnings: Ums- , úthlutað fyrir skólaárið 2016-2017

### Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins að bæta orðaforða nemenda með íslensku sem annað tungumál með notkun smáforrita og upplýsingatækni á þann hátt að nemendur búa sér til stafræna orðabók og vinna með ýmis forrit sem eru einkum til þess ætluð að ýta undir tungumálanám og stuðla að auknum orðaforða. Verkefninu var fyrst og fremst ætlað að brúa bilið milli þeirra nemenda sem eru með íslensku sem annað tungumál og þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli. Einnig að auka samvinnu nemanda og vekja áhuga á öðrum tungumálum en íslensku með notkun smáforrita. Samhliða þessu er markmið verkefnisins að auka vitund nemenda innan skólans á fjölmenningu.

### Leiðir að markmiði

Markmið verkefnisins var að ýta undir tungumálanám með notkun snjalltækja. Því var mikilvægt í upphafi að kynna nemendur fyrir ýmsum forritum sem hægt var að notast við í tungumálakennslu. Nemendur Sjálandsskóla nýta spjaldtölver í skólastarfi alla jafna, því var ekki þörf á að byrja á grunni í þeiri vinnu. Forrit sem notuð voru heita Book Creator og Bitsboard. Áhersla var að byrja með tvo árganga þ.e. 2. bekk og 8. bekk, þar sem eru nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nemendur voru með tvo fasta tíma í stundatöflu á viku í vinnu með orðabók. Umsjónarkennrarar og tveir sérkennrarar við skólann unnu saman að verkefninu. Fyrsta verkefnið var að læra á forritin og taka myndir af hlutum og nánasta umhverfi skólans. Nemendur bjuggu til sína eigin orðabók á tölvutæku formi með myndum og skrifuðu heiti allra hlutanna fyrir neðan myndirnar á þremur til fjórum tungumálum þ.e. íslensku, ensku, pólsku og tælensku. Þessi vinnu var eingöngu unnin með spjaldtölvum og vinnan fór eingöngu fram í skólanum. Unnið var að því með markvissum hætti að mynda tengsl milli nemenda með íslensku sem annað tungumál og nemenda sem hafa íslensku að móðurmáli með því að þeir unnu að þessum sameiginlegu verkefnum í litlum hópum og einstaklingslega. Notast var við tvö fyrrgreind forrit í orðabókavinnunni með nemendum en einnig var myndavél mikið notuð. Spjaldtölver voru nauðsynlegt verkfæri nemenda í allri vinnunni. Helsti kosturinn við notkun forritsins Book Creator var að nemendur gátu ekki eingöngu skrifað orð heldur lásu þeir einnig inn á forritið sem hafði mikið vægi í þessari vinnu.

Ágúst-október: Kennrarar undirbjuggu verkefnið vel með því að kynna sér helstu forritin sem gætu nýst best í vinnunni. Kennsluráðgjafi í upplýsinga og tæknimennt hélt nokkur örnmáskeið í notkun forrita sem hægt væri að nota og hentuðu vel til slíkrar vinnu. Einnig notuðu kennrarar tímann til að velja nemendur sem hentuðu best í þessa vinnu. Valdir voru nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig tóku þátt nemendur í 2. bekk sem áttu erfitt með lestur.

Þá var tekið mið af þeim nemendum sem gátu nýtt sér orðabókagerðina og tengdust tvityngdu nemendunum. Í eldri bekkjunum skipti einnig málí að nemendur væri áhugasamir um tungumálanám almennt en þó hafði það ekki veruleg áhrif á val á nemendum. Bekkinnir unnu ekki allir að verkefninu heldur tengdist þessi vinna einkum verkefnum með sérkennurum.

Október-mars: Tölvukostur skólans efldur með kaupum á spjaldtölvum sem eingöngu voru nýttir í vinnu vegna orðabókar verkefnisins af nemendum í vinnu með sérkennurum fyrst og fremst, fjármagnað af skóla. Unnið var með orðabókina minnst einu sinni í viku jafnt og þétt yfir veturinn. Nemendur bjuggu sér til stafræna orðabók á tímabilinu í Book Creator sem hafði að geyma hvoru tveggja texta og upplestur nemenda.

Maí: Mat var gert á verkefninu og stöðumat á íslensku kunnáttu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

### Frávik frá áætlun verkefnisins

Samkvæmt upphaflegu skipulagi verkefnisins var áætlunin að nemendur mundu búa til forrit sem þeir notuðu í þessari vinnu. Þegar verkefnið hófst var ekki til nægileg þekking í starfsmannahópnum til að búa til forrit auk þess sem ýmis forrit eru nú þegar til sem ákveðið var að prófa sig áfram með. Fenginn var aðstoð frá sérfræðingi á svíði spjaldtölva og smáforrita. Ýmis forrit voru reynd og misjafnlega gekk fyrir nemendur að tileinka sér að nota þau. Eftir því sem leið á verkefnið og þegar endurmat var gert á verkefninu kom í ljós að mest hafði verið unnið með Bitsboard og Book Creator og að þau forrit nýttust nemendum best í sinni vinnu. Sérstaklega hentaði Bokk Creator vel því það forrit gefur möguleika á texta- og myndvinnslu ásamt því að auðvelt er að setja hljóðskrá inn í forritið. Kennrarar voru líka ánægðari með notkun þess en annarra sambærilegra forrita. Það var því ekkert um forritun nemenda og kennara en styrkurinn var ekki nægilegur til að mennta kennara í því auk þess sem meiri áhugi var á að efla samvinnu nemenda með annað móðurmál en íslensku og annarra nemenda heldur en að auka þekkingu kennara á forritun. Áhersla var lögð á tungumálanám og samvinnu umsjónarkennara, sérkennara, þroskabjálfa og gekk það mjög vel. Mikill áhugi var á verkefninu innan skólans.

### Helstu hindranir

Tæknileg atriði eins og að finna og prófa forrit sem hentuðu best í þessa vinnu. Ytri aðstæður og breytingar á starfsmannahaldi urðu til þessa að breyta þurfti skipulagi frá því sem upphaflega hafði verið í áætlun og því fór verkefnið hægar af stað en áætlað var. Einnig var spjaldtölву kostur skólans ekki nægjanlegur og ákveðið í framhaldinu að skólinn keypti spjaldtölvar sem aðeins voru notaðar í verkefnið á meðan á því stóð.

### Helsti áviningur af verkefninu

Áviningur verkefnisins fyrir nemendur í Sjálandsskóla var að upplýsingatækni er notuð í auknu mæli en áður í tungumálanámi nemenda. Ýmis smáforrit voru notuð í verkefnavinnunni. Áviningur verkefnisins er einnig aukinn skilningur nemenda á fjölbreyttri menningu og tungumálum annarra og umburðarlyndi. Eitt af markmiðum

verkefnisins var að með þessu yrði sköpuð hefð innan skólans að nýta tölvu- og upplýsingatækni í tungumálanámi nemenda. Það er mat allra sem komu að verkefninu að það hefði gengið eftir. Einnig var ávinnungur verkefnisins að nemendur með annað móðurmál en íslensku tjáðu sig í auknu mæli í minni hópunum og höfðu gagn og gaman af verkefninu.

## Niðurstöður og Mat á verkefninu

Verkefnið fór hægt af stað. Kennrar hópsins sem um ræðir voru töluverðan tíma að prófa sig áfram með forrit sem hentuðu til vinnunnar. Ætlunin var í upphafi að búa til og þróa forrit sem hentaði í þessa vinnu en fjótlega varð öllum ljóst að það væri ekki hægt meðal annars vegna ytri bátta. Því fóru kennrar í þá vinnu að finna forrit sem þegar eru til og sem hentuðu best í þessa vinnu. Þegar verkefnavinnan var komin vel af stað og búið var að festa tíma í stundatöflum nemenda þá gekk hún mjög vel, nemendur voru afar áhugasamir og samvinna var góð. Nemendur efldu sig í samskiptum og styrktu tungumálakunnáttu sína samhliða. Verkefnið ýtti undir og efldi nemendur með annað móðurmál en íslensku í félagslegum samskiptum. Notkun smáforrita gagnast án efa nemendum með annað móðurmál en íslensku afar vel en ekki síður nemendum með íslensku sem móðurmál í sínu tungumálanámi. Í verkefnavinnunni lærðu nemendur markvisst að nota spjaldtölvur og forrit í tengslum við samskipti og nám í íslensku.

Notkun spjaldtölva í tungumálakennslu og tungumálanámi er góð viðbót við það sem þegar er verið að gera í skólanum. Auðvelt er að kveikja áhuga nemenda á efninu og þeim finnst verkefnin alla jafnan skemmtileg. Hver og einn nemandi hefur mikið um útlit og áherslur verkefnisins að segja því hönnun bókar er alfarið í þeirra höndum. Kennrar lögðu upp með ákveðin orð/ orötök sem allir unnu með.

Verkefnið í heild var unnið í fjórum þrepum.

1. Þrep: Nemendum kynnt forritin og þeir æfa sig að búa til uppkast.
2. Þrep: Öflun gagna, myndir úr umhverfinu. Orðalisti.
3. Þrep: Bókagerð í Book Creator, unnið með myndir og orðalista.
4. Þrep: Kynning á verkefnum, ræða saman og deila með öðrum.

Nemendur unnu saman í þörum. Hvert par vann með tvö móðurmál og annað þeirra var íslenska auk þess bættu nemendur í einhverjum tilfvikum enskum orðum einnig á listann.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kennurum skólans hefur nú þegar verið kynnt verkefnið. Verkefnið heldur áfram á næsta skólaári og unnið er með forritin í vinnu með nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku. Markmið verkefnisins er að brúa bilið sem oft virðist myndast milli nemenda sem hafa íslenskan uppruna og annarra. Eftir að verkefninu lauk formlega hafa kennrar haldið áfram að þróa vinnuna og fleiri forrit bæst við sem nýst hafa nemendum svo sem eins og Showbie.